

Svipbrigði og líkamstjáning

Við í Pálmholti leggjum áherslu á að vera lífleg í framkomu og notum svipbrigði og hreyfingar til að tjá okkur, sérstaklega við yngri börnin. Kennarar nota sjónræna hjálp meðfram orðum með yngstu börnunum eins og bendingar, hluti, myndir eða önnur tákni sem barnið getur skilið. Börnin eru hvött til að herma eftir hljóði, hreyfingu eða athöfnum. Smám saman fara börnin að lesa úr svip og látbragði kennara og geta þannig lesið betur í aðstæður.